

Lög

um breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 24. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gjald skal greiða fyrir stimplun aðfarargerða, kyrrsetningargerða og löggeymslu þegar endurritum úr gerðabók um þessar gerðir er þinglýst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 22. desember 2008.